

**Nd.**

**133. Frumvarp til laga**

um framlenging á gildi laga nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Lög nr. 90 19. júní 1933, um útflutning á kjöti, skulu gilda til 1. júlí 1939.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Lög þau, sem hér um ræðir, voru framlengd á síðasta þingi til 1. júlí 1938. Meðan viðskiptasamningurinn við Noreg er í gildi, og einnig að óbreyttum öðrum ástæðum um kjötsölu erlendis, ber brýna nauðsyn til þess að halda því skipulagi á kjötverzluninni, sem í lögnum felst, og er því lagt til, að gildi þeirra verði enn framlengt um eitt ár.